

# Guðbjörn Jónsson



## **Landskjörstjórn Austurstræti 8 - 10 101 Reykjavík**

Reykjavík 4. janúar 2013.

ERINDI: Varðandi væntanlegar Alþingiskosningar vorið 2013.

Undirritaður er einn þeirra sem misst hefur allt traust á pólitíska flokkakerfi landsins. Fyrst og fremst er það vegna þeirrar gífurlegu vanvirðu sem allir þessir flokkar sýna stjórnarskrá landsins í störfum sínum, en líka vegna greinilegs ósjálfstæðis þeirra gagnvart fjármálafyrirtækjum landsins. Fleira mætti nefna en hér verður látið staðar numið að þessu leyti.

Í 34. gr. stjórnarskrár Íslands er sagt að:

*[Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.]*

Eins og þarna kemur fram eru engar hömlur settar á kjörgengi aðrar en þær að fólk sé með óflekkað mannorð. Einstaklingar eru því kjörgengir án þess að vera bundnir einhverjum stjórnmalaflokki.

Í 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrár kemur fram að kjördæmisskipuð þingsæti skuli vera 6 í hverju kjördæmi, sem í raun þýðir að landskjörnir þingmenn geta verið 11 talsins. Er það sama tala landskjörinna þingmanna og tilgreindir eru í c lið 26. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Ísland frá 1934. Sama ákvæði er einnig í d lið 31. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Ísland, frá árinu 1944. Í báðum þessum útgáfum stjórnarskrár er gert ráð fyrir að heimilt sé að bjóða fram landslista, sem greinilega nær þá einungis til þeirra 11 þingsæta sem eru utan kjördæmakjörs.

Ekki verður betur séð en ríkjandi stjórnmalaflokkar, frá lýðveldisstofnun, hafi með mjög markvissum hætti sniðgengið grundvallarreglu kjörgengis, samkvæmt 34. gr. stjórnarskrár og sölsað undir FLOKKSRAÐIÐ, þau 11 þingsæti sem óflokksbundnir aðilar gætu boðið sig fram til starfa í. Verður það að teljast mjög alvarlegt þegar grundvallarreglu kjörgengis til stjórnunar landinu er lokað með þessum hætti, fyrir fólki sem ekki vill láta múlbinda sig á klafa þingflokka, eins og opinbert er að þingflokkar starfi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið ritað, vil ég vekja athygli Landskjörstjórnar á því að ég hef í hyggju að bjóða fram við næstu kosningar landslista með 11 aðalmönnum og 11 varamönnum, til starfa á Alþingi Íslendinga frá næstu kosningum, í því hlutfalli sem við hlytum kosningu til.

Mér er ljóst að starfandi stjórnmalaflokkar hafa beitt aðstöðu sinni, við gerð kosningalaga, til að reyna að útiloka framboð samkvæmt 34. gr stjórnarskrár. Svo virðist einnig sem Landskjörstjórn hafi yfirsétt að gæta þess að í

kosningalögum væri opin leið fyrir þau framboðsferli sem heimiluð eru í stjórnarskrá lýðveldis okkar. Í þeirri von að ekki þurfi að koma til árekstra á síðustu stundu, vil ég vekja athygli ykkar á þessu, því miðað við fyrri reynslu af störfum ríkjandi stjórnmalaflokka, þarf ekki að taka nema eina viku að breyta kosningalögunum svo ekki þurfi að koma til kærufertis eða málaferla vegna, að mínu mati ólögmetrar upptöku á réttindum mínum til að bjóða mig fram til starfa á Alþingi, án þátttöku í hefðbundnum stjórnmalaflokki.

Virðingarfyllst

Guðbjörn Jónsson, kt: 101041-3289

Kríuhólum 4, 111 Reykjavík

Sími 567 2001 GSM 860 84 00

tölvupóstfang: "gudbjornj@gmail.com"